

MENNING
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 29. OKTÓBER 1994

BLAÐ **D**Morgunblaðið/Árni Sæberg
STEINUNN Birna, Bryndis Halla, Hildigunnur, Auður og Ásdís.Píanó og strengir hjá
Kammermúsíklúbbnum

ÁÐRIR tónleikar starfsársins hjá Kammermúsíklúbbi Reykjavíkur verða í Bústakirkju á morgun, sunnudag. Þeir hefjast að venju klukkan 20.30. Á efnisskránni eru þrjú verk fyrir píanó og strengi, eftir Beethoven, Mozart og Sjostakovits. Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur á píanóið, Auður Hafsteinsdóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir á fiðlu, Ásdís Valdimarsdóttir á víolu og Bryndis Halla Gylfadóttir á selló.

Fjórir áratugir eru frá stofnun Kammermúsíklúbbsins. Hann hefur unnið mikið starf og er eina félag áhugamanna um kammertónlist sem stendur að reglulegum flutningi hennar hérlandis. Næstu tónleikar á vegum klúbbsins verða í byrjun desember, síðan í lok janúar og loks seint í febrúar. Á tónleikum morgundagsins verður píanóið í forgrunni og fyrir hlé gefst færi á að bera saman verk tveggja tónlistarrisa, samín á sama ári.

Kvartett Beethovens í Es-dúr númer 1 og kvartett Mozarts í g-moll eru báðir frá árinu 1785. Beethoven-kvartettinn hefur ekki verið fluttur hér opinberlega áður. Þetta er æskuverk, eitt af þremur sem hann samdi á fimmtánda ári fyrir píanó, fiðlu, víolu og selló. Þá bjó hann í Bonn og var ekki farinn að ópusmerkja verkin sín. Það varð ekki fyrr hann var kominn til Vínar, 23 ára gamall. Í kvartettinum koma strax fram stef sem hann átti eftir að vinna meira síðar og nota í öðrum tónsmíðum. Þær komu þó áður út en kvartettinn, sem birtist ekki á prenti fyrr en eftir dag tónskáldsins. Þess vegna var um tíma talið að hann gæti verið falsaður, einhver hefði stolið úr verkum Beethovens og samið í hans nafni. Nú er ljóst að þetta voru óparfa grunsemdir. Hugmyndir í kvartettinum eru eftir sem áður ótrúlegar, ef

Fjórir áratugir eru frá stofnun Kammermúsíklúbbsins. Hann hefur unnið mikið starf og er eina félag áhugamanna um kammertónlist sem stendur að reglulegum flutningi hennar hérlandis.

miðað er við táningsaldur höfundarins.

Mozart var fimmtán árum eldri en Beethoven og því næstum þritugur þegar hann samdi kvartettinn í g-moll. Af fjölmörgum kammertónsmíðum Mozarts eru aðeins örfáar í þessari tóntegund. Og þrátt fyrir afköstin samdi hann aðeins tvo píanókvartetta. Sköpunargáfa Mozarts hafði náð hámarki þegar píanókvartettinn varð til og hann er enda með vinsælustu kammerverkum höfundarins. Kvartettinn þykir líkt og kvartett Beethovens aðgengilegur áheyrnar, tær og léttur.

Stórbróttinn píanókvintett eftir Sjostakovits, í g-moll ópus 57, er síðasta verkið á efnisskránni. Það var samið fyrir tilstuðlan Beethoven-strengjakvartettsins í Moskvu og frumflutt af þeim hópi ásamt tónskáldinu sjálfu í nóvember 1940. Sjostakovits lagði mikið til kammertónlistar aldarinnar, 15 strengjakvartetta, píanótrío og þennan kvintett. Fyrir hann hlaut hann svonefnd Stalín-verðlaun. Kvintettinn þykir með albestu tónsmíðum höfundarins, magnaður með skýru og einföldu tónmáli í margbrotnum myndum.

P.P.

Flytur víðáttuna inn til sín

SÝNING á verkum myndlistarkonunnar Ásgerðar Búadóttur verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Mun hún standa til 18. desember. Ásgerður er íslenskum listunnum að góðu kunn fyrir veftir sínar og er þetta tíunda einkasýning hennar. Hún hefur að auki tekið þátt í fjölda samsýninga.


Náttúruminni hafa ævinlega verið Ásgerði ofarlega í huga og hefur hún lengi notað hrosshár með ullinni við vinnu sína. Hún kveðst þó hafa breytt notkun þeirra með árunum. „Jafnvel þar sem áhrif strangflatarlistar voru sterkust í verkum hennar ... var hlutlægt sköpunarverkið iðulega einhvers staðar nærri,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson í sýningarskrá. „Í kjölfar fyrstu hrosshársverka verða hins vegar til veftar sem vísa með ýmsum hætti til heildarupplifunar náttúrunnar. Hér er þó tæpast um að ræða umritanir – „afstraksjónir“ – náttúruforma í venjulegri merkingu, heldur miklu frekar hlutgervingar – „konkretsjónir“ – ýmissa kennda sem snerta náttúruna.

„Í stað þess að stílisera – leggja út af hinu þekkta í sköpunarverkinu – dregur Ásgerður saman þær kenndir sem hún ber í brjósti gagnvart því og finnur þeim stað í tæru og sterku myndmáli sem tekur mið af grundvallarlögmálum veftarinnar,“ segir Aðalsteinn enn fremur. „Listakonan leikur sér með láréttar og lódréttar undirstöður, margfaldar línur til að vekja upp hreyfingu á fletinum eða fækkar þeim til að stilla til friðar. Togstreitu og spennu skapar hún með skálinum sem ganga taktfast á lódréttar og láréttar áherslurnar, og boglinur notar hún til að draga úr sömu spennu og vekja andblæ kyrrðar. Hér ber ríkan ávöxt teikniþjálfunar Ásgerðar, skilningur hennar á ýmsum eðlisþáttum línunnar. Um leið verður teikning hennar í veftinni ekki aðskilin frá þeim litum sem hún notar, því öll skil milli lita eru í rauninni ekkert annað en teikning.“

Óendanlegir möguleikar

„Það er mikill heiður fyrir mig að vera boðið að sýna í Listasafni Íslands,“ segir Ásgerður. Prettán verk verða á sýningunni, hið elsta frá árinu 1974. Þótt verkin séu unnin á löngum tíma segir listakonan að þau leiði hvert af öðru. „Það verða ekki miklar breytingar hjá mér þótt möguleikarnir séu óendanlegir.“

Ásgerður vill leggja áherslu á það sem hún er að fást við nú um stundir. Sýningin krefst óskiptrar athygli hennar þessa dagana og fyrir vikið er vinnustofan, sem hún hefur komið sér upp á heimili sínu, tóm. „Því miður hef ég ekkert að sýna hér í vinnustofunni og því



Morgunblaðið/Sverrir

ÁSGERÐUR Búadóttir, myndlistarkona. Sýning á veftum hennar verður opnuð í Listasafni Íslands í dag.

„Litur Óðins var blár en litur keisarans var rauður. Rautt nota ég líka en það er öðruvísi efni eða jurt og öðruvísi aðferð. Ég er farin að láta lita þann lit fyrir mig og hef því tekið tæknina í mína þjónustu.“

erfitt fyrir mig að útskýra hvað ég er að gera og hvernig ég vinn,“ segir listakonan en bendir á, að sýningin í Listasafni Íslands beri verkum hennar sennilega gleggst vitni.

„Mér datt þó í hug að segja sérstaklega frá einum lit sem ég nota,“ segir Ásgerður. „Á sýningunni eru tvö verk sem eru lituð

með indigó, sem er blár litur. Hann hefur verið notaður í þúsundir ára í Austurlöndum, Evrópu og víðar. Í Frakklandi stóðu listalitarar til dæmis fjögur ár í læri til að verða fullnuma og geta stýrt þessum lit. Þetta er hins vegar enginn galdur fyrir mig þar sem ég nota litinn í svo litlum mæli.“ Indigó er þó hvergi nærri eini liturinn sem Ásgerður hefur unnið með síðasta kastið. „Litur Óðins var blár en litur keisarans var rauður. Rautt nota ég líka en það er öðruvísi efni eða jurt og öðruvísi aðferð. Ég er farin að láta lita þann lit fyrir mig og hef því tekið tæknina í mína þjónustu.“

„Það er mikilvægt fyrir hvern þann sem vinnur að myndlist að búa við góð vinnuskilyrði,“ segir Ásgerður en vinnurýmið sem hún hefur til umráða er ekki ýkja stórt. „Í víðara umhverfi hugsar maður stærra. Í þakinu á vinnustofu minni hef ég þó tvo glugga – tvö augu – til að sjá upp í himininn. Þeir gefa mér jafnframt góða birtu. Víðáttuna verð ég hins vegar að sækja út í frá og flytja inn til mín.“

opo